



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 3. október 2025
USK25010001

TILLAGA

Bílastæði við Laugardalsvöll – eingöngu ætluð fólksbifreiðum

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að bílastæðið við Laugardalsvöll verði merkt sem bílastæði eingöngu ætluð fólksbifreiðum. Undanþegin banninu verði vöruafhending og hópþifreiðar í akstri vegna Laugardalsvallar.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:


Bílastæðin eru mikilvæg fyrir starfsemi á svæðinu, m.a. vegna viðburða. Ítrekað hefur þó komið upp sú staða að verktakar, fyrirtæki og aðrir aðilar hafa lagt stærri ökutækjum eða öðrum tækjum í stæðin til lengri tíma og þar með teppt þau bílastæði sem starfsemi Laugardalsvallar þarf í tengslum við viðburði.

Þessi notkun stæðanna er til mikilla óþæginda og dregur úr aðgengi fyrir þau sem þurfa á stæðunum að halda. Því er brýnt að gripið verði til aðgerða til að tryggja ábyrga nýtingu bílastæðanna.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deild samgangna

Hjálagt: Loftmynd af bílastæðunum sem fyrirhugað er að merkja eingöngu ætluð fólksbifreiðum, samþykki lögreglu og tölvupóstur frá KSÍ varðandi bílastæði við Laugardalsvöll.





RE_ Bílastæði við Laugardalsvöll - eingöngu ætluð fólksbifreiðum

Móttakið	3.10.2025 13:44:13
Búið til dags.	3.10.2025 14:29:45
Tilheyrir	 USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025
Frá	Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is)
Til	Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is

Innihald

Góðan dag

Samþykkt án athugasemda.

Árni Friðleifsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn
Umferðardeild

arni.fridleifsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
[4441000](#)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

From: Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
Sent: 03.10.2025 13:33
To: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Subject: RE: Bílastæði við Laugardalsvöll - eingöngu ætluð fólksbifreiðum

Góðan daginn

Með vísun í fyrri samskipti vegna viðkomandi erindis þá óskar Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja



Magnús Ársælsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í
tölvupóstsamskiptum www.reykjavik.is/trunadur



From: Bjarni Rúnar Ingvarsson
Sent: 24. september 2025 12:30
To: 'KSÍ - Kristinn V Jóhannsson' <kristinn@ksi.is>
Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; KSÍ - Axel Kári Vignisson <axel@ksi.is>; KSÍ - Eysteinn Pétur Lárusson <eysteinn@ksi.is>
Subject: RE: Varðandi bíla stæði við Laugardalsvöll

Sæll aftur Kristinn,

Við munum þá leggja til að bílastæðið verði merkt með þeim hætti að þar verði einungis heimilt að leggja fólksbifreiðum. Félagsrútur og önnur stærri ökutæki leggja eða stöðva þá, skv. okkar skilningi, ekki á bílplaninu eða því sem túlka má sem hluta af því, enda er óheimilt skv. umferðarlögum „að stöðva eða leggja ökutæki [...] á merktu stæði ætluðu fólksbifreiðum“ (h. liður, 2. mgr., 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 með áorðnum breytingum). Ferlið tekur um 1-2 mánuði, bera þarf tillöguna undir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, fá samþykki viðeigandi fagraðs og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda áður en hægt er að setja upp viðeigandi umferðarmerki.

Umfram það geri ég ráð fyrir að þið hafið borið óskina undir og/eða sé með öðrum hætti í samræmi við væntingar annarra lóðarhafa við bílastæðið, s.s. World Class.

M.b.k.,

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Deildarstjóri samgangna

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

From: KSÍ - Kristinn V Jóhannsson <kristinn@ksi.is>
Sent: 24. september 2025 10:05
To: Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; KSÍ - Axel Kári Vignisson <axel@ksi.is>; KSÍ - Eysteinn Pétur Lárusson <eysteinn@ksi.is>
Subject: RE: Varðandi bíla stæði við Laugardalsvöll

Sæll,

Þetta passar, þetta eru stæðin sem við erum að tala um.

Eins og ég hef bent á í fyrri póstum þá eru þessi stæði ætluð fólksbílum en ekki stórum ökutækjum. Stæði fyrir fólk sem sækir viðburði á LDV eða er fara í ræktina í World Class. Við erum sammála um það.

Þessi stæði eru ekki lokuð á leikdögum eða á öðrum viðburðum hjá okkur og því rosalega mikilvægt að þau sé laus þegar viðburðir eru. Við notum þau ekki fyrir rútur eða stærri bíla á okkar vegum.

Hinsvegar hafa verktakar og fyrirtæki misnotað sér aðstöðu sína og lagt fullt fullt af tækjum og stærri bílum í þessi stæði. Verktakar sem vinna í hverfinu, nágrannar sem geyma húsbíla og tjaldvagna, heimilislausir búa í bílum sínum, númeralausir bílar sem standa hérna út á plani svo vikum skiptir, rútufyrirtæki, strætó kemur hér af og til og leggja nokkrum vögnum þvers og kruss og fleiri fleiri fyrirtæki. Engin af þessum tækjum og tólum er með undanþágu á að vera þarna.

Því erum við að leita til ykkar um að merkja þessi stæði og benda á að þessi stæði eru ekki fyrir þessi tæki.

Kveðja / Regards,

Kristinn V. Jóhannsson

Vallarstjóri / Head Groundsman

KSÍ / FA of Iceland

kristinn@ksi.is